



Fundur skólaráðs Myllubakkaskóla 15.nóvember 2010 kl.16:00

2. Fundur skólaráðs Myllubakkaskóla haldinn 15.11.2010 kl. 16:00-17:00

Mættir: Guðrún, Svana, Stefán, Júlíus, Hrafnhildur, Grazyna og Stefán Már

1. Lesið úr fundargerð síðasta fundar og sagt frá hvað búið er að gera.
2. Vinnutími kennara hefur verið skipulagður og teymisvinna er hafin. Jafnrétti, mannréttindi sett inn í skólanámskrána sem er verið að endurnýja.
3. Samstarf við foreldrafélagið rætt. Sagt frá fatamarkaði sem haldinn var og að foreldrafélagið er að skipuleggja jólaföndur. Guðrún er ánægð með samstarfið. Foreldri er komið inn í PBS teymið. Foreldrafélagið stóð einnig fyrir leikhúsferð. Framkoma nemenda var til fyrirmyndar. Stefán Már sagði frá hvað sýningin væri stórkostleg og að þetta ætti að halda endilega áfram.
4. Stefán Már sagði frá að byrjað væri að undirbúa jólabingó. Nemendaráð saman stendur af nemendum frá 6. bekk og uppí 10. bekk. Haldið verður námskeið í fundargerð og fundarsköpum.
5. Sagt var frá Legó keppninni sem var haldin á Ásbrú. Liðið okkar komst í 8 liða úrslit. Guðrún sagði frá að það ætti að sýna vinnuna sína til að vekja áhuga nemenda.
6. Mylluvision er á fullu í undirbúningi en það verður haldið á sal skólans sem búið er að skreyta. Hrafnhildur lýsti ánægju sinni yfir Myllupóstinum frá Ellu Kötur ritara.
7. Önnur mál.

Fjallað var um niðurskurð á tímaramma skóla landsins.

Vonum að foreldraráð og FFGÍR verði vakandi yfir þessu ásamt skólaráði. Stefán húsverður sagði frá flutningunum sem verður á hjúkrunarfræðingi og vinnuástöðu kennara.

13.desember piparkökufundur kl.16:00.

Svana A. Daðadóttir